



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Pósthólf 214
211 Garðabæ

Sími: +354 565 7373
Netfang: gkg@gkg.is
Veffang: www.gkg.is

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	11.01.2018
Málalýkill	9.33
Mál nr.	18 01 172

Garðabær

b.t. Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra

b.t. Sigurðar Guðmundssonar, formanns skipulagsnefndar

Varðar drög að aðalskipulagi Garðabæjar.

Nýverið voru kynntar niðurstöður samkeppni um nýtt aðalskipulag Garðabæjar. Tillögurnar, ef til framkvæmda kæmu, myndu allar hafa veruleg áhrif á athafnasvæði GKG.

Nokkuð er síðan bæjaryfirvöld í Garðabæ gerðu stjórn og stjórnendum GKG grein fyrir því að breytingar á aðalskipulagi væru líklegar til þess að hafa áhrif á svæðið sem GKG hefur undir starfsemi sína. GKG er með samning um svæðið til ársins 2035. Því er ljóst að ná þarf samkomulagi um breytingar.

Stjórn GKG ákvað frá upphafi að taka þessu sem tækifæri til framfara, fremur en sem aðsteðjandi ógn. Því hefur verið komið skýrt á framfæri við bæinn. Ávallt lá fyrir, að breytingar gætu ekki falið í sér að verr yrði búið að GKG eftir en áður. Þá hefur enn fremur komið skýrt fram af hálfu GKG að ekki mætti skerða aðstöðuna sem fyrir hendi er, fyrr en búið væri að ganga frá því sem við tekur.

Stjórn GKG er ljóst að tillögurnar úr samkeppninni eru aðeins það – þ.e. tillögur. Engin þeirra kemst í núverandi mynd nærri því að fullnægja þeirri grundvallarforsendu GKG að ekki yrði verr búið að GKG eftir en áður. Þá er ljóst að þær og umræða um þær af hálfu forsvarsmanna Garðabæjar hefur sett ugg að fjölda félagsmanna GKG. Óttinn er sennilega mestur við að af okkur verði tekið áður en gengið er frá framangreindu. Þá stöðu gæti stjórn klúbbsins ekki sætt sig við.

Til þess að takast á við þessar áhyggjur félagsmanna hefur stjórn GKG ákveðið að halda almennan félagsfund um málið. Ætlunin er að halda fundinn þriðjudagskvöldið 23. janúar. Meginefni hans viljum við að verði kynning fulltrúa bæjarins á fyrirætlunum sem áhrif hafa á svæði GKG og á hvern hátt tryggt verði að ekki verði verr að klúbbum búið eftir en áður. Þá yrði að fara sérstaklega yfir það hvernig tryggt verði að úrbætur verði til staðar áður en til nokkurrar skerðingar kemur, þannig að GKG geti óslitið boðið félagsmönnum aðstöðu sem ekki er lakari en sú sem nú er fyrir hendi.

Okkur er ljóst að stutt er í fyrirhugaðan fund, en erindið er brýnt. Þá háttar þannig til varðandi not á íþróttamiðstöðinni, að þetta er eiginlega eini tíminn sem gengur upp. Vonandi virðir bærinn það við okkur og sendir frummælanda á fundinn. Farið er fram á að við verðum látin vita án tafar, séu vandkvæði á því.

Garðabæ 11. janúar 2018

Guðmundur Oddsson, formaður

Agnar Már Jónsson, frkvstj.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026